



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Hellusund stæði fyrir hreyfihamlaða

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að eitt bifreiðastæði við Hellusund 7 verði merkt fyrir hreyfihamlaða.

Bifreiðastæðið verði merkt með viðeigandi umferðarmerki og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð:

Stæðið er í nágrenni við ýmiskonar starfssemi m.a. Hellusund 6a þar sem til stendur að breyta notkun húsnæðisins í skrifstofur. Ekki er rúm fyrir bílastæði innan lóðar 6a sem er bakhús.

Stæðið verður ætlað öllum þeim sem hafa rétt á að leggja í slíkt stæði og verður ekki sérmerkt ákveðnum aðila, lóð, rekstri eða húsi.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Skýringarmynd af Hellusundi þar stæði fyrir hreyfihamlaða er við Hellusund 7.



Reykjavíkurborg

